

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Laugaráss, Laugarási Biskupstungum.

Samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Laugaráss, Laugarási Biskupstungum, er taki gildi 1. maí 1999.

Gjaldskrá Hitaveitu Laugaráss, Laugarási Biskupstungum, nr. 637 7. desember 1994, með áorðnum breytingum:

5. gr.

Gjöld fyrir dreifingu heita vatnsins eru sem hér segir:

Garðyrkjustöðvar *verður kr. 97,00* var kr. 90,00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

Íbúðarhús og önnur hús, sem ekki eru tilgreind annars staðar *verður kr. 589,00* var kr. 545,00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

Iðnaðarhús *verður kr. 249,00* var kr. 231,00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

Gjaldskráin verður að öðru leyti óbreytt.

Iðnaðarráðuneytinu, 9. mars 1999.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Grundartangahöfn nr. 214/1980.

1. gr.

12. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Sérhvert skip sem ætlar til Grundartangahafnar og vill nota hafnsögumann, skal gera boð um það til hafnarstjóra með minnst 3ja klst. fyrirvara. Hafnsögumanni er skylt að fara til móts við skipið allt að eina sjómílu utan línu sem dregin er úr Brekkuboða í bauju nr. 11 við Faxaflóa, ef skipstjóri æskir þess. Hafnsögumaður vísar skipi leið til hafnar og skal ekki yfirgefa það, án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er komið í viðlegu. Heimilt er hafnsögumanni meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu að banna hverjum þeim sem ekki hefur lögmaett erindi að koma á skipsfjöl.

Ekkert erlent skip má án leyfis fara um höfnina án hafnsögumanns, sama á við um íslensk flutningaskip.

Hafnarstjórn getur veitt skipstjóra hafnsöguskylds skips, hafnsöguréttindi. Skilyrði fyrir veitingu hafnsöguréttinda er að skipstjóri hafi siglt viðkomandi skipi eða sambærilegu skipi reglulega til hafnarinnar sl. ár og komið næstliðið ár a.m.k. 3 sinnum til hafnarinnar án nokkurra óhappa. Veiting hafnsöguréttinda skuldbindur viðkomandi skipstjóra til að hafa náíð talstöðvarsamband við höfnina og hlíta í einu og öllu fyrirmælum vakthafandi hafnsögumanns, ella má svipta þá réttindum fyrirvalaust.

Hafnarstjórn getur veitt undanþágu frá hafnsöguskyldu, ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.